

**75. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 10. desember 2019 kl. 8:30 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.**

**Mætt:** Sigurgestur Guðlaugsson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Guðjón Skúlason ásamt Berglind Kristinsdóttur sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

- 1. Drög að Sóknaráætlun Suðurnesja 2020-2024 – kynning.**  
*Berglind fór yfir drög að sóknaráætlun fyrir árin 2010-20124. Stefnt er að því að hún verði samþykkt. Stjórn lýsir yfir ánægju með áherslur og sköpuðust umræður um hvernig skuli vinna í því að ná markmiðum.*
- 2. Fjárlög 2020 – framlög til ríkisstofnanna á Suðurnesjum.**  
*Berglind kynnti skýrsluna: Suðurnes í fjárlagafrumvarpi 2020. Umræður sköpuðust um fjármagn til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og er samróma álit stjórnar að talað sé fyrir daufum eyrum stjórnvalda hvað varðar aukið fjármagn til stofnunarinnar. Mismunun í fjárframlögum til menntastofnana á svæðinu kom einnig til umræðu.*
- 3. Umsókn í Uppbyggingarsjóð – Matarkistan Reykjanes.**  
**a) Svarbréf frá Uppbyggingarsjóði dags. 26.11.2019**  
*Þuríður Aradóttir frá Markaðsstofu Reykjaness kynnti umsókn sem samþykkt var í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja.*
- 4. Skemmtiferðaskip á Reykjanesi – kynning.**  
**a) Vinnustofa 18. september. Samantekt og niðurstöður.**  
*Þuríður kynnti niðurstöður fundar um verkefnið. Verkefnastjóra falið að halda kynningar um verkefnið fyrir hafnarstjóra og starfsmenn Grindavíkurbæjar og Suðurnesjabæjar.*
- 5. Samstarfshópur um aukna fagþekkingu, bætta hönnun og samræmingu merkinga á ferðamannastöðum. Stöðuyfirlit 25.11.2019.**  
*Þuríður fór yfir stöðuna á verkefninu. Verkefnastjóra falið að senda frekari upplýsingar til sveitafélaga. Lagt fram.*

6. **Skýrsla um flugvöll í Hvassahrauni.**  
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=02cff95b-1200-11ea-9453-005056bc4d74>

*Kynning á skýrslu og hún lögð fram fyrir stjórn.*

7. **Atvinnuleysistöður.**

*Berglind kynnti tölur fyrir stjórn. Atvinnuleysi eykst í öllum bæjarfélögum. Heildaratvinnuleysi svæðisins er 7,3% sem er langt yfir landsmeðaltali sem er 3,4%.*

8. **Önnur mál.**

*Erindi Ferðamálasamtaka Reykjaness um ósk um styrk til til að fylgja átaki FMS eftir. Stjórn Heklunnar og Markaðstofu Reykjaness vísar erindinu áfram til stjórnar SSS.*

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:10.